

Fylgiskjal með byggðakvóta 2020 í Súðavík – úthlutun og sérreglum.

Rökstuðningur með tillögu að sérreglum fyrir Súðavík.

Fáir bátar eru eftir í Súðavík sem falla að þeim skilyrðum sem sett eru vegna úthlutunar byggðarkvóta sbr. reglugerð nr. 646/2019. Það eru einkum krókabátar sem eru skráðir í Súðavík með veiðireynslu og skráningu miðað við 1. júlí 2019.

1. Úthlutun:

Lagt er til að þeir bátar (sjá hér fyrir neðan) taki 75 tonn af þeim 239 tonnum sem eru tiltæk fyrir Súðavíkurhrepp fyrir yfirstandandi kvótaár.

Krókabátar skráðir 1. júlí 2017 í Súðavík:

- i. Habbý IS-778 (ssnr. 7175) 15 tonn (Útg.fel. Amen ehf.)
- ii. Raggi IS-319 (ssnr. 7641) 15 tonn (Útg.fel. Berg ehf.)
- iii. Sigurvon IS-26 (ssnr. 7051) 15 tonn (Litli Múli ehf.)
- iv. Haukur IS-154 (ssnr. 7445) 15 tonn (Akravík ehf.)
- v. Sigfús B. 15 tonn (ssnr. 6794) 15 tonn (I.E.S.1 ehf.)

Framangreindir bátar koma allir til með að geta sótt um byggðakvóta Súðavíkurhrepps 2019/2020 að uppfylltum skilyrðum um vinnslusamning. Lagt er til að úthlutað sé 15 tonnum á bát (að lágmarki) og þeir hafi gildan vinnslusamning við það félag á svæðinu sem uppfyllir slík skilyrði. Vestfiskur og HG eru með vinnslu í Súðavík auk þess sem fyrirtækið Ísstormur hefur hafið rekstur. HG og Ísstormur eru með sérhæfða vinnslu (lifrarbræðsla og niðusuða á lifrapaté) og koma því ekki til greina að því leyti, en Vestfiskur (ásamt Íslandssögu/Norðureyri) eru með herslu (fiskþurrkun) á staðnum og uppfyllir því skilyrði um vinnslu.

Vinnslusamningar munu því verða gerðir við Íslandssögu sem kaupir allan afla (bæði byggðakvóta og mótframlag). Löndunarskylda er ófrávíkjanleg á meðan vinnslusamningur er í gildi og byggðakvóti veiddur. Force majeure atvik geta verið tilefni til þess að víkja frá löndunarskyldu, en tilkynna ber slíkt án tafar og háð algerri undantekningu.

2. Fyrirtæki – vinnsla – útgerð:

Lagt er til að Íslandssaga/Norðureyri/Vestfiskur fái úthlutað 65 tonnum af byggðakvóta, enda með vinnslu, skip sem uppfyllt geta skilyrði (eru með skip í Súðavík en heimilt er að nýta önnur skip félagsins sbr. reglur um byggðakvóta).

3. Frístundabátar:

Þá er lagt til að frístundabátar fái önnur 65 tonn af byggðakvóta enda uppfyllir rekstur þeirra og skráning í Súðavík öll skilyrði með gildan vinnslusamning.

4. Nýir aðilar:

Lagt er til að heimilt verði að víkja frá veiðireynslu og skráningu vegna útgerðarinnar Bjartmarz ehf., en eigandi útgerðar er búsettur í Súðavík og hefur þar lögheimili, enda munu skip útgerðar skráð eigi síðar en 1. mars 2020 í Súðavík. Lagt er til að úthlutað verði 34 tonnum af byggðarkvóta til Bjartmarz ehf. og verði með gildan vinnslusamning við Íslandssögu/Vestfisk/Norðureyri. Bjartmarz er með krókabáta og skip útbúið til snurvoðaveiða.

5. Almennar reglur:

Fyrir alla gildi reglan „tonn á móti tonni“. Þá er fortakslaust að mestu að öllum afla ber að landa í Súðavík meðan viðkomandi eru með gildan vinslusamning og eru að veiða byggðakvóta.

Það er mat sveitarstjórna Súðavíkurhrepps að mikilvægt sé að tryggja atvinnu og opna þannig fyrir fyrirtæki skráð á staðnum í eigu einstaklings búsetts í Súðavíkurhreppi. Þar með yrði atvinnurekstur styrktur á staðnum með fjölbreyttari útgerð en verið hefur auk þess sem nauðsynlegt er að koma með skip inn í stað krókabáts og annarra sem horfið hafa frá Súðavík.

Lagt er til að þessi viðbót/frávik frá reglum verði heimiluð fyrir Súðavíkurhrepp, en reynslan af fyrra fiskveiðíári hefur leitt til þess að ekki hefur náðst að veiða allan þann byggðakvóta sem úthlutað var til Súðavíkurhrepps. Kom þar til að ýmsar ástæður voru að baki því og m.a. brot á þeim reglum sem í gildi voru með lágmark aflahlutfalls sem landað væri í Súðavíkurhreppi. Hlutaðeigandi hefur verið gerð grein fyrir því hvaða annmarkar voru taldir á þeim reglum sem í gildi voru og þeim tillögum sem hér er að finna í sérreglum um byggðakvóta fyrir Súðavíkurhrepp 2019/2020. Framangreindur rökstuðuningur er með vísan til 2. gr. reglugerðar nr. 646/2019.

Reglur þessar voru samdar í samráði við alla hlutaðeigandi hagsmunaaðila og sveitarstjóra falið að leggja fram þessar tillögur/óskir um sérreglur fyrir Súðavíkurhrepp. Reglur, að fenginni umsögn, munu lagðar fram til staðfestingar á aukafundi sveitarstjórnar svo fljótt sem verða má.

Þannig gert í Súðavíkurhreppi,

24. febrúar 2020.



Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri Súðavíkurhrepps